

6. marz 1972.

91

Nr. 43.

REGLUGERÐ

um skelfiskveiðar.

1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin hverju sinni, skulu skelfiskveiðar vera bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra.

2. gr.

Skelfiskveiðileyfi verða bundin við ákveðin svæði þannig:

1. svæði er hafið fyrir Suðvesturlandi frá Ingólfshöfða allt að Snæfellsnesi.
2. svæði er Breiðafjörður og innfirðir hans.
3. svæði eru Vestfirðir frá Bjargtöngum að Hornbjargi.
4. svæði er hafið fyrir Norðurlandi að Langanesi.
5. svæði eru Austfirðir frá Langanesi allt að Ingólfshöfða.

Hið ytra takmarkast öll þessi svæði af landhelgislinunni.

3. gr.

Ráðherra bindur leyfin þeim skilyrðum, sem honum þykir þurfa að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands og einnig getur hann með leyfunum skipt svæðunum í 2. gr. niður í smærri einingar.

4. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sviptingu veiðileyfis eða sektum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. marz 1972.

Lúðvík Jósepsson.

Dórður Ásgeirsson.